

Hvammstanga 10. janúar 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.
Austurstræti 8-10,
Reykjavík.

Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Umsagnir; tillögur til þingsályktunar um fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019 -2023 , 403. mál og þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019 -2033 , 404. mál.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) hafa fengið beiðni um umsagnir um tillögur til fimm ára fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2019 -2023 , 403. mál og þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019 -2033 , 404. mál. Er hér skilað sameiginlegri umsögn um bæði þingmálin.

Fjarskipti skipta landsbyggðirnar miklu máli með tilliti til búsetu- og atvinnuþróunar. Hér er því um að ræða áætlanir sem eru landsbyggðunum mikilvægar og nauðsynlegt að þær taki skýrt á þeim meginverkefnum sem fram undan eru. Í meginatriðum eru ályktanirnar ásættanlegar en talin er ástæða til að hnykkja á nokkrum atriðum í umsögn framangreind þingmál.

Ljósleiðaravæðing í þéttbýli er næsta stóra verkefni á landsbyggðinni þegar dreifbýlisverkefninu lýkur. Engar lausnir á því verkefni eru lagðar fram í tillögunni og talað um að það verkefni sé óleyst (mál 404. liður 2.1. í greinargerð). Mikilvægt er að stjórnvöld gangi af sama krafti til þessa verkefnis og ljósleiðaravæðingar dreifbýlis til að bæta búsetuskilyrði í þéttbýli á landsbyggðinni og auka möguleika á atvinnuuppbyggingu og störfum án staðsetningar í samræmi við byggðaáætlun. Stjórn SSNV leggur til að opnað verði á umræðu um hugsanlegan undirbúning að fjarskiptafélagi sem kæmi að ljósleiðaravæðingu þéttbýlisstaða á landsbyggðinni til að hraða framkvæmdinni og tryggja að henni verði lokið fyrir árið 2025 eins og sett er fram í grein 1.3 í tillögu að stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2019-2033 (mál 404).

Verkefninu Ísland ljóstengt lýkur senn. Með því var stigið stórt skref í að bæta búsetuskilyrði í hinum dreifðari byggðum og er ríkisvaldinu færð þakki fyrir metnaðarfullt og árangursríkt verkefni. Stjórn SSNV leggur áherslu á að þess verði gætt að þær ljósleiðaratengingar sem eftir standa í verkefninu og eru dýrustu og óhagkvæmustu tengingarnar verði kláraðar með aðkomu ríkisins. Einnig að verkefnið verði víkkað út og nái til þéttbýliskjarna þar sem ekki eru markaðslegar forsendur til reksturs ljósleiðarakerfa.

Stjórn SSNV leggur einnig á það ríka áherslu að farsímasamband á landsbyggðinni verð bætt en það er á stórum svæðum óboðlegt. Ekki er einasta um að ræða byggðamál heldur einnig öryggismál, sérstaklega á þjóðvegum landsins.

Að síðustu vill stjórn SSNV ítreka fyrri umsögn sína um breytingar á pósthjónustu. Í tillögunum er gert ráð fyrir fjármunum upp á 48 milljónir á ári í Jöfnunarsjóð alþjónustu. Hæpið er að svo lág upphæð geti tryggt ásættanlega pósthjónustu við dreifðustu byggðir landsins um land allt. Umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingar á pósthjónustu fylgir með sem fylgiskjal.

Að lokum áskilur SSNV sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal.

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

29. nóvember 2018.

Umsögn; frumvarp til laga um pósthjónustu, 270. mál.


Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um um pósthjónustu, 270. mál. Í frumvarpinu felast ný heildarlög um pósthjónustu á Íslandi, afnám einkaréttar ríkisins og opnun markaðar. Frumvarpinu er einnig ætlað að tryggja alþjónustu í pósti, skilgreina hana og kveða á um hvernig farið skuli með kostnað ef markaðslegar forsendur standa ekki undir rekstri.

SSNV tekur heilshugar undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og þá sérstaklega áhyggjur sem þar koma fram varðandi áhrif mögulegrar skerðingar á þjónustu í kjölfar víðtækrar heimildar ráðherra til að fækka dreifingardögum. Heimildar sem er mun víðtækari en í löndum sem við berum okkur gjarnan saman svo sem Noregi. SSNV óttast hættu á skerðingu á þjónustu vegna þessara heimilda sér í lagi í hinum dreifðari byggðum þar sem ljóst er að markaðslegar forsendur standa ekki undir rekstri þjónustunnar.

Í umsögn Sambandsins kemur fram að á fyrri stigum máls hafi verið lagt til að Byggðastofnun yrði falið að greina möguleg áhrif skertrar pósthjónustu á skilyrði til búsetu og atvinnurekstrar í dreifbýli, m.a. fyrir fyrirtæki sem senda vörur til viðskiptavina og rekstraraðila sem reiða sig á sendingar starfsemi sinnar vegna. SSNV harmar að ekki hafi orðið við þessari beiðni og tekur undir það sem fram kemur í nefndri umsögn Sambandsins að greinargerðin beri með sér að ekki hafi verið skoðað með fullnægjandi hætti áhrif skerðingar á þjónustu á dreifbýli.

SSNV telur mjög mikilvægt að brugðist verði við ofangreindu til að möguleg áhrif framlagðs frumvarps verði ekki til að hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja í hinum dreifðari byggðum landsins og þannig skerða þar búsetuskilyrði. Slíkt væri í hróplegri mótsögn við útgefna stefnu stjórnvalda m.a. stefnumótandi byggðaáætlun fyrir 2018-2024 sem hefur þau markmið að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri